

---

## STARFSLÝSING

---

Deildarstjóri sérkennslu og/eða skólastjóri

**Yfirmaður :**

**Stofnun / deild** Grunnskólar Fjarðabyggðar

### 1. Stjórnskipun, ábyrgð, markmið og meginviðfangsefni

Vinnur að uppeldi og menntun og starfar samkvæmt lögum og reglugerð um grunnskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá grunnskóla og starfsmannastefnu Fjarðabyggðar. Starfsmaður aðstoðar einn eða fleiri nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði þessara nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum. Dagleg verkstjórn er í höndum deildarstjóra sérkennslu og yfirproskapjálfa.

659774928. **Helstu verkefni**

#### 659782992.659782152. Almennt

- Starfar með og veitir stuðning nemanda sem þarf verulega aðstoð eða gæslu að halda í daglegu lífi vegna fötlunar. Nemandinn þarf viðvarandi þjónustu/stuðning frá starfsmanni allan þann tíma sem það dvelur í grunnskólanum.
- Sinnir eftir aðstæðum öðrum nemendum með sérþarfir sem geta þurft þjálfun og eftirfylgni.
- Aðstoðar nemendur við daglegar athafnir og reynir að ýta undir færni og sjálfstæði þeirra.
- Vinnur eftir áætlun sem útbúin hefur verið í samráði kennara, deildarstjóra sérkennslu og annarra ráðgjafa.
- Vinnur undir leiðsögn kennara við að aðstoða nemendur að ná settum markmiðum samkvæmt skólanámskrá/einstaklingsnámskrá.
- Aðlagar verkefni að getu nemenda samkvæmt leiðbeiningum kennara.
- Sinnir öðrum nemendum í bekknum, m.a. ef kennari þarf meira svigrúm til að aðstoða þá nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð.
- Gæsla nemenda í forföllum kennara.

#### 659782992.659782153. Þjónusta og samskipti

- Þjónusta við nemendur, foreldra og starfsfólk grunnskóla.
- Situr fag- og foreldrafundi eftir því sem við á.
- Tekur þátt í áætlanagerð og fundum vegna nemenda.

#### 659782992.659782154. Teymisvinna

- Þátttaka í starfi grunnskóla í samráði og að óskum skólastjóra.
- Þátttaka í samstarfi stuðningsfulltrúa, umsjónarkennara og deildarstjóra sérkennslu.
- Þátttaka í teymisvinnu vegna einstakra nemenda.
- Þátttaka við innleiðingu og eftirfylgni þróunarverkefna.



**659782992.659782155. Önnur verkefni**

- Önnur verkefni sem skólastjóri felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans.
- Á sérstökum nemendafrídögum vinnur starfsmaðurinn að þeim verkefnum sem skólastjóri felur honum enda er sú vinna í fullu samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til starfsins.
- Þagnarskylda gildir um öll mál sem starfsmenn verða áskynja í starfi sínu og gildir sú þagnarskylda þótt látið sé af störfum.

659774929. **Hæfni- og samstarfsmarkmið**

**659781928.659783160. Menntun**

- Menntun á framhaldsskólastigi sem nýtist í starfi.
- Þekking á algengustu fötlunum og þroskafrávikum.
- Reynsla af starfi með börnum.

**659781928.659783161. Hæfnispættir**

- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.